



Fuglavernd

Skúlatúni 6 • 105 Reykjavík • Sími 562 0477 • fuglavernd@fuglavernd.is • www.fuglavernd.is

**Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra**

Umhverfisráðuneyti

Skuggasundi 1

Reykjavík

**Erindi Fuglaverndar við ráðherra á fundi 24.11.2010**

***Veiðitímabil gæsa stytta og því breytt úr***

***20. ágúst – 15. mars í 20. ágúst – 1. desember***

Grágæsir hafa haft vetursetu hér reglulega undanfarin ár. Ástæður fyrir því eru mjög líklega hlýnandi veðráttu og aukin kornrækt og að sumar þeirra treysti sér ekki í farið vegna líkamlegs ástands. Til marks um þetta þá voru taldar 2355 gæsir hér á Suður- og Suðvesturlandi í vetrarfuglatalningu Náttúrufræðistofnunar Íslands árið 2009. Grágæsir voru til skamms tíma eingöngu farfuglar fyrir utan stofn sem kenndur er við Reykjavíkurtjörn og dvelur á Innnesjum og Suðurnesjum á vetrum.

Núverandi veiðitími hefur örugglega miðast við andaveiðitímabilið til að samræma veiðitíma en því lýkur einnig 15. mars. Við teljum svokallaða sportveiðimenn ekki nýta sér þennan langa veiðitíma en svokallaðir magnveiðimenn, sem selja bráð sína og beita oft á tíðum fyrir hana, nýti sér vetursetu gæsarinnar og drepi gæsir þegar þær eigi fullt í fangi með að halda sér lifandi hér um vetur vegna kulda og jarðbanna. Við höfum einnig haft spurnir af því að ungahlutfall sé mjög hátt meðal þeirra gæsa sem veiddar eru í nóvember og desember sem bendir til að þetta séu fjölskyldur. Má nefna hér að ólöglegt er að beita fyrir gæs í Bandaríkjunum, er talið í hæsta máta ósiðlegt í Bretlandi en réttur landeiganda hér á landi. Einnig má færa rök fyrir því að þessi aukna veturseta sé nýtt stofnferli. Það er hluti af varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni að varðveita náttúrulega ferla. En fyrst og fremst telur stjórn Fuglaverndar þetta ómannúðlegar veiðar og vildum við sjá veiðitímamann stytta úr 15. mars í 1. desember svo þær gæsir sem freista þess að lifa hérna af veturinn fái að vera í friði fyrir veiðimönnum.

**Veiðitímabil svartfugls stytta og því breytt úr:**

**1. september – 10. maí í 1. september – 1. apríl.**

Í fyrsta lagi setur greinin sem við á, þ.e. 17. gr. fjórði töluliður, undir sama hatt allar svartfuglategundirnar nema haftyrdil sem er alfriðaður. Þessar tegundir, það er álka, langvía, stuttnefja, teista og lundi, eiga það sameiginlegt að hafa lága náttúrulega dánartölu og litla viðkomu og þola því lítið veiðiálag. Flestir stofnanna eru þó stórir

og veiðar litlar í hlutfalli við stofnstærð en það á ekki við um teistuna. Varpstofninn íslenski er aðeins talinn vera um 10.000 pör og veiðiálag skv. skýrslum um 20% og þessvegna ætti að okkar mati að alfriða hana eða stytta veiðitíma verulega. Að athuguðu máli þá vildum við helst að veiðitíminn yrði stytur í báða enda a.m.k. fyrir teistuna (í 1.10-01.04) eða hún alfriðuð sem væri kannski einfaldast.

Bæta má því við að hún svo sem aðrar svartfuglstegundir eru í fjaðrafelli í ágúst - september og ófleygar.

Hvað varðar vorveiðina á svartfugli þá er fuglinn farinn að setjast upp í byrjun apríl og því hætta á því að þeir fuglar sem eru veiddir séu fullorðnir varpfuglar. Veiði á þessum tíma er því í andstöðu við bæði Parísarsamþykktina og Fuglatilskipun ESB um fuglavernd þar sem segir að ekki skuli veiða á varptíma.

### ***Ræða um bann við sölu á fuglavillibráð.***

Jafnframt vildum við ítreka beiðni okkar til umhverfisráðherra að beita sér fyrir sölubanni á villigæsum, en sú umræða hefur margoft komið upp í umræðunni um blesgæsina og að mati Fuglaverndar eina leiðin til að friðun blesgæsarinnar skili tilætluðum árangri.

Virðingarfyllt  
F.h. Fuglaverndar

Jóhann Óli Hilmarsson, formaður  
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri